

# **ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ**

## **VEÐSAMNINGUR**

**Í TENGLUM VIÐ 30.000.000.000 KR. ÚTGÁFURAMMA  
ALMENNA LEIGUFÉLAGSINS EHF.**

6. desember 2017

*Handwritten signature*  
*Handwritten signature*

## 1. AÐILAR

Aðilar að þessu veðsamningi (hér eftir „veðsamningur“) eru:

- A. Almenna leigufélagið ehf., kt. 611013-0350, Garðastræti 37, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „**útgefandi**“ og eftir því sem við á „**veðsali**“);
- B. Almenna BK ehf., kt. 500604-2120, Almenna C slhf., kt. 670812-0810, Almenna E slhf., kt. 610613-1520, Almenna K ehf. kt. 550213-0870, Almenna RED hf. kt. 670513-0330, Almenna S21 ehf., kt. 611013-0190, Almenna S23 ehf., kt. 630913-0630, og Almenna SKB ehf., kt. 431013-0960, öll til heimilis að Garðastræti 37, 101 Reykjavík, (hér eftir nefndir „**veðsalar**“ ásamt útgefanda, eða hver í sínu lagi „**veðsali**“ eftir því sem við á);
- C. Íslög ehf., kt. 690312-1150, Túngötu 6, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „**veðgæsluaðili**“)

## 2. INNGANGUR

- 2.1. Veðsamningur þessi er gerður í tengslum við almenna tryggingafyrirkomulagið sem sett er upp í tengslum við útgáfu skuldaskjala á grundvelli útgáfuramma að fjárhæð allt að kr. 30.000.000.000 (krónur þrjátíu milljarðar) (hér eftir „**útgáfuramminn**“) og sem tiltekin önnur fjármögnunarskjöl eru jafnframt felld undir, eins og nánar er mælt fyrir um í grunnlýsingunni og veðhafasamkomulaginu.
- 2.2. Í veðhafasamkomulagi sem gert hefur verið milli útgefanda, veðsala, veðgæsluaðila og eigendur veðtryggðra krafna sem falla undir almenna tryggingafyrirkomulagið (hér nefnt „**veðhafasamkomulagið**“) er öllum veðhöfum sem eiga kröfur tryggðar samkvæmt almenna tryggingafyrirkomulaginu veittar sömu veðtryggingar og jafnan rétt að veðtryggingum sem útgefandi og veðsalar kunna að veita hverju sinni.
- 2.3. Með veðsamningi þessum setja veðsalar tilgreindar eignir sínar að veði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum, svo sem nánar er hér lýst.
- 2.4. Óháðir aðilar, veðgæsluaðili og staðfestingaraðili, eru skipaðir til að fylgjast með því að allar breytingar sem gerðar eru á veðtryggingum, annað hvort með því að gera breytingar á veðtryggðum eignum eða bæta við skuldbindingum sem veðinu er ætlað ætlað að tryggja, séu í samræmi við ákvæði veðsamnings þessa og veðhafasamkomulagsins. Fer veðgæsluaðili með öll réttindi veðhafa í tengslum við hinar veðsettu eignir.

## 3. SKILGREININGAR

- 3.1. Hugtök sem ekki eru skilgreind í veðsamningi þessum hafa þá merkingu sem kemur fram í veðhafasamkomulaginu, nema annað sé beinlínis tekið fram eða ráða megi af samhengi.
- 3.2. Hugtök sem hvorki eru skilgreind í veðsamningi þessum né veðhafasamkomulaginu skulu hafa þá merkingu sem kemur fram í grunnlýsingu útgefanda, dags. í desember 2017, sem staðfest hefur verið af FME, ásamt síðari

viðaukum og uppfærslum á henni vegna útgáfurammans (hér nefnt „grunnlýsingin“).

#### 4. VEDTRYGGING

- 4.1. Með undirritun sinni á veðsamning þennan setja veðsalar þær eignir sem tilgreindar eru í viðaukum I-III við veðsamning þennan að veði til handa veðgæsluaðila, f.h. veðhafa, með þeim veðrétti sem tilgreindur er, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum..

#### 5. VEÐ Í INNSTÆDU Á BANKAREIKNINGUM

- 5.1. Veðsali setur hér með að handveði, sbr. og ákvæði 4.1, innstæður á þeim bankareikningum sem tilgreindir eru í viðaukum I-II við veðsamning þennan á hverjum tíma.
- 5.2. Handveðrétturinn nær til allrar innstæðu bankareikninganna, eins og hún er á hverjum tíma, hverju nafni sem nefnist, og hvort sem um höfuðstól, vexti, verðbætur eða annað er að ræða.
- 5.3. Veðsali veðsettrar innstæðu lýsir því yfir að hin veðsetta innstæða sé að öllu leyti kvaðalaus eign veðsala og að á henni hvíli engin veðbönd eða fyrirvarar um eignarrétt veðsala eða annarra, að undanskildum þeim handveðrétti sem veðsali veitir með veðsamningi þessum.
- 5.4. Veðsala er óheimilt á meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa veðsettri innstæðu á bankareikningi sem tilgreindur er í viðauka I án heimildar frá veðgæsluaðila.
- 5.5. Veðsalar skuldbinda sig til að ráðstafa leigutekjum vegna veðsettra fasteigna, sbr. tryggingabréf sem gefið er út samhliða gerð veðsamnings þessa, inn á viðeigandi veðsetta bankareikninga samkvæmt viðauka II. Veðsettar innstæður á bankareikningum samkvæmt þessari grein standa veðsölum til frjálsrar ráðstöfunar á meðan veðrétturinn er í gildi, sbr. þó grein 5.7.
- 5.6. Veðgæsluaðili og veðsali skuldbinda sig til að senda tilkynningu, á því formi og með því efni sem fram kemur í viðaukum IV-V við veðsamning þennan, til viðkomandi fjármálafyrirtækis þar sem er tilkynnt um veðsetningu samkvæmt þessari grein 5, að hvaða marki veðsali hefur umráðarétt yfir hinum veðsetta bankareikningi og í hvaða tilvikum útborganir af bankareikningi krefjast fyrirmæla frá veðgæsluaðila.
- 5.7. Ef greiðslufall verður samkvæmt fjármögnunarskjali og útgefandi bætir ekki út innan þeirra fresta sem mælt er fyrir um í viðeigandi fjármögnunarskjali; eða ef vanefndatilvik kemur upp skv. skilmálum 14 a), b), g) og h) í grunnlýsingunni, skal veðgæsluaðili, að fenginni skriflegri kröfu umboðsmanns kröfuhafa þar að lútandi, senda tilkynningu án tafar til viðkomandi fjármálafyrirtækis, á því formi og með því efni sem fram kemur í viðauka V við þennan veðsamning, með fyrirmælum um að viðeigandi handveðsettum bankareikningi verði læst, þar til ákvörðun um fullnustu veðtrygginga hefur verið tekin samkvæmt veðhafasamkomulaginu.
- 5.8. Hafi bankareikningi verið læst samkvæmt grein 5.7 getur veðgæsluaðili heimilað veðsölum að greiða út af viðeigandi veðsettum og læstum reikningum í þágu

rekstrar, enda sé það almennt til þess fallið að vernda hagsmuni og veðréttindi veðhafa samkvæmt almenna tryggingafyrirkomulaginu. Skal veðgæsluaðili í því tilviki senda tilkynningu til viðkomandi fjármálafyrirtækis með nánari fyrirætlum þar að lútandi.

## 6. VEÐ Í VS REIKNINGUM / VÖRSLUREIKNINGUM

- 6.1. Veðsali setur hér með að handveði, sbr. og ákvæði 4.1, þá VS-reikninga sem tilgreindir eru í viðauka III við veðsamning þennan ásamt öllum þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á VS-reikningana á hverjum tíma.
- 6.2. Handveðrétturinn tekur einnig til jöfnunarhluta veðsettra fjármálagerninga sem kunna að vera gefnir út. Fáir veðsali útgefin jöfnunarhlutabréf í sínar hendur skuldbindur hann sig til að sjá til þess að slíkt jöfnunarhlutabréf verði skráð á VS-reikning veðsala sem er veðsettur á grundvelli veðsamnings þessa.
- 6.3. Arður vegna veðsettra fjármálagerninga er innifalinn í veðsetningunni. Komi til útgreiðslu arðs vegna þeirra, skal veðsali tryggja að hann verði greiddur inn á bankareikning sem er tilgreindur í viðauka I og veðsettur samkvæmt grein 5, sbr. gr. 5.4, í veðsamningi þessum.
- 6.4. Veðsali skal, þrátt fyrir veðsetninguna, fara með þann atkvæðisrétt sem fylgir fjármálagerningunum og eiga forgangsrétt hluthafa til kaupa á nýjum hlutum í viðkomandi félagi ef við á.
- 6.5. Komi til þess að hlutafé samkvæmt hinum veðsettu fjármálagerningum verði lækkað, þannig að lækkunarfénu verði varið til greiðslu til hluthafa, afskriftar á greiðsluskýldu hluthafa eða með öðrum hætti til hluthafa, skal veðsali tryggja að slíkar greiðslur séu greiddar inn á bankareikning sem er tilgreindur í viðauka I og veðsettur samkvæmt grein 5, sbr. gr. 5.4, í veðsamningi þessum.
- 6.6. Veðsali skuldbindur sig að haga meðferð á atkvæðisrétti samkvæmt hinum veðsettu fjármálagerningum þannig að hann styðji hvorki né standi að ákvörðunum sem leiða til þess að verðmæti hinna veðsettu fjármálagerninga rýrnar.
- 6.7. Veðsali ber áhættu af gengisbreytingum á hinum veðsettu fjármálagerningum á meðan veðsetningin varir og gildir það jafnt um þær gengisbreytingar sem verða frá því að veðtryggð krafa fer í vanskil og fram að þeim tíma sem veðgæsluaðili gengur að hinum veðsettu fjármálagerningum.
- 6.8. Veðsali lýsir því yfir að VS-reikningur sá sem er veðsettur samkvæmt veðsamningi þessum, ásamt þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á hann á hverjum tíma, séu að öllu leyti kvaðalaus veðsala og á honum/þeim hvíli engin veðbönd eða fyrirvarar um eignarrétt veðsala eða annarra, að undanskildum þeim handveðrétti sem veðsali veitir með veðsamningi þessum.
- 6.9. Veðsala er óheimilt meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á hinn veðsetta VS-reikning með hvaða hætti sem er, svo með sölu eða veðsetningu, nema með samþykki veðgæsluaðila.

- 6.10. Veðsali og veðgæsluaðili skulu senda tilkynningu, á því formi og með því efni sem fram kemur í viðauka VI við veðsamning þennan, til viðkomandi reikningsstofnunar þar sem henni er tilkynnt um veðsetningu þessa og að veðsali hafi ekki umráðarétt yfir veðinu, sem og að ekki sé heimilt að ráðstafa fjármálagerningum sem skráðir eru á VS-reikninginn nema samkvæmt fyrirmælum frá veðgæsluaðila.

## **7. UMBOÐ TIL VEÐGÆSLUAÐILA**

- 7.1. Sérhver veðsali veitir veðgæsluaðila fullt og ótakmarkað umboð til að:
- 7.1.1. Framkvæma hverja þá skyldu sem veðsali hefur undirgengist samkvæmt veðsamningi þessum en hefur ekki framkvæmt, þrátt fyrir áskorun veðgæsluaðila.
- 7.1.2. Framkvæma allt það sem er nauðsynlegt í tengslum við fullnustu veðsins samkvæmt grein 11 og veðsali sinnir ekki, þrátt fyrir áskorun veðgæsluaðila, þ.m.t. að undirrita öll skjöl f.h. veðsala í tengslum við framsal á hinu veðsetta.
- 7.2. Umboð það sem veðgæsluaðila er veitt samkvæmt þessu og þau réttindi sem honum eru fengin samkvæmt þessu eru eingöngu til að vernda hagsmuni veðhafa og er veðgæsluaðili aldrei skuldbundinn gagnvart útgefanda eða veðsala til að nýta umboðið eða réttindin.
- 7.3. Þótt að veðgæsluaðili nýti umboðið eða réttindi sín samkvæmt veðsamningi þessum þá leysir það ekki veðsala eða útgefanda undan skyldum sínum eða skuldbindingum samkvæmt veðsamningi þessum, veðhafasamkomulaginu eða fjármögnunarskjölunum
- 7.4. Veðgæsluaðili er þó ávallt ábyrgur fyrir þeim fjármunum sem hann raunverulega móttekur sem veðgæsluaðili.

## **8. FRAMSAL Á RÉTTINDUM VEÐGÆSLUAÐILA**

- 8.1. Veðgæsluaðila skal heimilt að framselja öll réttindi sín og skyldur samkvæmt veðsamningi til nýs veðgæsluaðila sem skipaður er í samræmi við veðhafasamkomulagið.
- 8.2. Ef skipt um er um veðgæsluaðila í samræmi við framangreint þá skulu útgefandi og sérhver veðsali, samkvæmt beiðni veðgæsluaðila, undirrita öll nauðsynleg skjöl og framkvæma allt það sem nauðsynlegt eða eðlilegt er að framkvæma í tengslum við aðilaskiptin.
- 8.3. Þá skal veðgæsluaðili jafnframt hafa heimild til að fela öðrum aðila, með skriflegu umboði, að fara með, í heild eða að hluta, þær heimildir og þau réttindi sem veðgæsluaðila eru fengin með veðsamningi þessum.

## **9. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR VEÐSALA**

- 9.1. Sérhver veðsali skal samkvæmt beiðni veðgæsluaðila undirrita öll þau skjöl og gera allar þær ráðstafanir sem með sanngirni má ætlast til að:

- 9.1.1. Veðsamningur þessi veitir veðgæsluaðila, f.h. veðhafa, þau réttindi sem kveðið er á um í veðsamningi þessum.
- 9.1.2. Veðgæsluaðili geti, f.h. veðhafa, nýtt þau réttindi samkvæmt veðsamningi þessum, þar á meðal réttindi í tengslum við fullnustu veðsins.
- 9.2. Komi til fullnustu veðsins þá skuldbindur sérhver veðsali sig til að undirrita öll þau skjöl og gera allar þær ráðstafanir sem veðgæsluaðili með sanngirni óskar eftir í tengslum við fullnustuna, svo sem vegna afsals eða framsals.
- 9.3. Samþykki veðgæsluaðili á grundvelli veðhafasamkomulagins að gerðar séu breytingar á hinu veðsetta skuldbindur sérhver veðsali sig til að undirrita öll þau skjöl og gera allar þær ráðstafanir sem veðgæsluaðili óskar eftir í tengslum við breytingarnar.
- 9.4. Veðsali skal greiða öll opinber gjöld, þ.m.t. stimpil- og þinglýsingargjöld og allan kostnað sem kann að falla til vegna veðsamnings þessa, breytinga á því og fullnustu á grundvelli þess.

## **10. BREYTINGAR Á HINU VEÐSETTA**

- 10.1. Útgefandi hefur heimild til þess að óska eftir því við veðgæsluaðila að breytingar séu gerðar á veðsettum eignum, með því að tilteknað eignir séu leystar úr veðböndum og/eða eignir veðsettar. Veðgæsluaðili skal verða við slíkri ósk, enda séu slíkar breytingar ekki í andstöðu veðhafasamkomluagið, þ.m.t. fjárhagslegar eða sérstakar kvaðir sem fram koma í grein 7 í veðhafasamkomulaginu.
- 10.2. Útgefanda er jafnframt heimilt að bæta nýjum skuldbindingum við þær skuldir sem þegar eru tryggðar með veðsamningi, enda leiði það ekki til þess brotið sé gegn veðhafasamkomluaginu, þ.m.t. fjárhagslegum eða sérstökum kvöðum sem fram koma í grein 7 í veðhafasamkomulaginu.
- 10.3. Samþykki veðgæsluaðili beiðni veðsala um breytingar samkvæmt þessari grein, í samræmi við veðhafasamkomulagið, þá skulu veðsalar undirrita öll skjöl sem veðgæsluaðili óskar eftir að veðsalar undirriti í tengslum við breytingarnar.
- 10.4. Þeir aðilar sem undirrita skjöl f.h. veðsala samkvæmt framangreindu skulu afhenda veðgæsluaðila sönnun fyrir undirritunarumboði sínu á formi og með því efni sem veðgæsluaðili samþykkir.

## **11. FULLNUSTA VEÐSINS**

- 11.1. Hafi krafa verið gjaldfelld og ákvörðun tekin um að ganga að veðinu í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins þá skal veðgæsluaðila, f.h. veðhafa, vera heimilt að:
- 11.1.1. Láta selja hið veðsetta nauðungarsölu fyrir útistandandi veðtryggðum kröfum, án undangengings dóms, sáttar eða fjárnáms, sbr. 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.
- 11.1.2. Selja hið veðsetta í almennri sölu fyrir útistandandi veðtryggðum kröfum. Skal hann þá ávallt leitast við að fá hæsta mögulega verð fyrir hið veðsetta á þeim tíma sem það er selt.
- 11.1.3. Leysa til sín hið veðsetta á eðlilegu og sanngjörnu markaðsvirði eftir því sem við á.
- 11.2. Veðgæsluaðili skal ávallt haga fullnustuaðgerðum í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins og með hagsmuni veðhafa að leiðarljósi. Þá skal veðhafi sinna fullnustuaðgerðum innan eðlilegra tímamarka.

## **12. RÁÐSTÖFUN ANDVIRÐIS**

Komi til fullnustu veðsins þá skal veðgæsluaðili ráðstafa öllum fjármunum sem hann móttekur til greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins.

## **13. SKILYRÐISLAUS RÉTTINDI**

Umboð það sem veðgæsluaðila er veitt samkvæmt veðsamningi þessum og þau réttindi sem honum eru fengin með veðsamningi þessum eru skilyrðislaus og verða aðeins afturkölluð í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins.

## **14. TAKMARKANIR Á HEIMILDUM VEÐSALA**

- 14.1. Veðsölum skal vera óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur til annarra aðila samkvæmt veðsamningi þessum nema fyrir liggja skriflegt samþykki veðgæsluaðila.
- 14.2. Veðsölum skal óheimilt að selja, veðsetja eða leggja hvers kyns kvaðir á hinar veðsettu eignir nema samkvæmt ákvæðum veðhafasamkomulagsins og eftir því sem þar er kveðið á um að fyrir liggja skriflegt samþykki veðgæsluaðila.
- 14.3. Þrátt fyrir framangreint þá má veðsali framselja veðsettar eignir til félaga sem eru innan samstæðu útgefanda, að uppfylltu því skilyrði að samhliða framsalinu þá gerist framsalshafi aðili að veðhafasamkomulaginu og veðsamningi þessum, sem veðsali, og undirriti öll skjöl því tengdu á því formi og með því efni sem er ásætlanlegt samkvæmt einhliða mati veðgæsluaðila.

## **15. TILKYNNINGAR**

Allar tilkynningar og öll samskipti milli veðsala, veðgæsluaðila og útgefanda skulu sendar í samræmi við grein 21 í veðhafasamkomulaginu.

## 16. VEDTÍMABILID

- 16.1. Hið veðsetta skal standa til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu hinna veðtryggðu krafna þar til þær hafa allar verið að fullu uppgreiddar með óafturkræfum og skilyrðislausum hætti.
- 16.2. Þegar hinar veðtryggðu kröfur hafa allar verið greiddar upp með óafturkræfum og skilyrðislausum hætti þá skal veðgæsluaðili, að beiðni og á kostnað veðsala, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fella niður það veð sem veitt er samkvæmt veðsamningi þessum.

## 17. LÖG OG VARNARÞING

- 17.1. Um veðsamning þennan gilda íslensk lög.
- 17.2. Rísi ágreiningur milli aðila í tengslum við veðsamning þennan, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 18. ANNAÐ

- 18.1. Lagatilvísanir skulu taldar fela í sér tilvísanir til viðeigandi laga með þeim breytingum sem kunna að hafa orðið og reglna sem kunna að hafa verið settar með stoð í þeim lögum.
- 18.2. Tilvísanir til sérhvers aðila skulu (þar sem við á) vera álitnar tilvísanir til eða eiga við um eftirmenn þeirra.
- 18.3. Fyrirsagnir í veðsamningi þessum eru eingöngu til skýringar og fela ekki í sér efnisatriði í meginmáli þess.
- 18.4. Veðsamningur þessi er gerður í tveimur eintökum, eitt fyrir veðgæsluaðila og eitt sameiginlegt fyrir alla veðsala.
- 18.5. Öllu framanrituðu til staðfestu undirrita aðilar veðsamning þennan.

[Undirskriftir á næstu síðu]




Reykjavík, 6. DESEMBER 2017


F.h. Íslög ehf. sem veðgæsluaðila




F.h. Almenna leigufélagsins hf., sem útgefanda og veðsala




F.h. Almenna BK ehf.




F.h. Almenna S23 ehf.




F.h. Almenna C slhf.




F.h. Almenna S21 ehf.



F.h. Almenna E slhf.,



F.h. Almenna SKB ehf.



F.h. Almenna K ehf.



F.h. Almenna RED hf.




Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:



Nafn

090491 - 2889

Kennitala



Nafn

150674 - 3529

Kennitala

**VIÐAUKI I**  
**HANDVEÐSETTAR INNSTÆÐUR**  
**LÆSTIR BANKAREIKNINGAR**

Innstæður á eftirtöldum bankareikningum eru hér með settar að handveði sbr. veðsamning, dags. 6. desember 2017. Veðsölum er óheimilt á meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa veðsettri innstæðu á bankareikningi sem tilgreindur er hér á eftir án heimildar frá veðgæsluaðila.

Almenna leigufélagið ehf.:

0133-05-010020

**VIÐAUKI II**  
**HANDVEÐSETTAR INNSTÆÐUR BANKAREIKNINGA**  
**FRJÁLS RÁÐSTÖFUN VEÐSALA**

Innstæður á eftirtöldum bankareikningum eru hér með settar að handveði sbr. veðsamning, dags. 6. desember 2017. Standa þær veðsölum til frjálsrar ráðstöfunar á meðan veðrétturinn er í gildi eftir því sem nánar er mælt fyrir um í veðsamningnum:

Almenna leigufélagið ehf.:

0133-26-011964

Almenna BK ehf.:

0137-26-000242

Almenna C slhf.:

0133-05-060117

Almenna E slhf.:

0133-05-060118

Almenna K ehf.:

0133-26-013382

Almenna RED hf.:

0111-26-011674

Almenna S23 ehf.:

0133-26-013374

Almenna S21 ehf.:

0133-26-013378

Almenna SKB ehf.:

0133-26-013371

### VIÐAUKI III

#### HANDVEÐSETTIR VS REIKNINGAR

Eftirfarandi VS-reikningar og fjármálagerningar sem á þá eru skráðir eru hér með settir að handveði sbr. veðsamning dags. 6. desember 2017. Veðsala er óheimilt meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á neðangreinda VS-reikninga án samþykkis veðgæsluaðila.

VS reikningur: 451191 hjá Landsbankanum hf. kt.471008-0280

## VIÐAUKI IV.

### FORM TILKYNNINGAR UM VEÐSETNINGU BANKAREIKNINGS

[Fjármálafyrirtæki].

[Heimili]

[Nafn viðtakanda]

[staður og dagsetning]

Innstæður á eftirtöldum bankareikningum [Nafn veðsala, kennitala, heimili]:

[Tilgreining bankareiknings]

hafa verið settar að handveði með veðsamningi, dags. [...], til tryggingar skuldum [nafn veðsala] en afrit samningsins er meðfylgjandi bréfi þessu. Veðsala er óheimilt á meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa veðsettri innstæðu á bankareikningnum án heimildar frá veðgæsluaðila.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tilkynningar þessarar og samþykki við framangreindu.

F.h. veðsala

---

F.h. Íslög ehf. sem veðgæsluaðila

---

#### **Staðfesting móttöku og samþykkis tilkynningar**

Með undirritun hér að neðan staðfestir [Nafn fjármálafyrirtækis, kennitala, heimili] að hafa mótttekið ofangreinda tilkynningu og afrit af veðsamningi, kynnt sér efni framangreindra skjala og samþykkt.

[Nafn fjármálafyrirtækis] staðfestir að hafa ekki mótttekið tilkynningar varðandi hið veðsetta sem farið gætu í bága við veðsetninguna né upplýsingar um réttindi þriðja aðila í tengslum við hið veðsetta. [Nafn fjármálafyrirtækis] mun virða að fullu ákvæði tilkynningarinnar og verðsamningsins og læsa þeim bankareikningum sem vísað er til í tilkynningunni nema fyrirmæli berist um annað frá veðgæsluaðila í samræmi við ákvæði veðsamningsins.

[Staður og dagsetning]

MTBF  
Au

f.h. [fjármálafyrirtækis]

---

MTR  
A4

## VIÐAUKI V.

### FORM TILKYNNINGAR UM VEÐSETNINGU BANKAREIKNINGA

[Fjármálafyrirtæki].

[Heimili]

[Nafn viðtakanda]

[staður og dagsetning]

Innstæður á eftirtöldum bankareikningum [Nafn veðsala, kennitala, heimili]:

[Tilgreining bankareikninga]

hafa verið settar að handveði með veðsamningi, dags. [...], til tryggingar skuldum [nafn veðsala] en afrit samningsins er meðfylgjandi bréfi þessu. Innstæður á bankareikningunum standa veðsölum til frjálsrar ráðstöfunar á meðan veðrétturinn er í gildi eftir því sem nánar er mælt fyrir um í veðsamningnum, sbr. einkum greinar 5.5 og 5.7.

Við vanefndatilvik skv. grein 5.7. mun veðgæsluaðili senda tilkynningu án tafar með fyrirmælum um að viðeigandi handveðsettum bankareikningi skuli læst og veðsala frá þeim tíma óheimilt að ráðstafa veðsettri innstæðu á bankareikningnum án heimildar frá veðgæsluaðila.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tilkynningar þessarar og samþykki við framangreindu.

F.h. veðsala

---

F.h. Íslög ehf. sem veðgæsluaðila

---

#### **Staðfesting móttöku og samþykkis tilkynningar**

Með undirritun hér að neðan staðfestir [Nafn fjármálafyrirtækis, kennitala, heimili] að hafa mótttekið ofangreinda tilkynningu og afrit af veðsamningi, kynnt sér efni framangreindra skjala og samþykkt.

[Nafn fjármálafyrirtækis] staðfestir að hafa ekki mótttekið tilkynningar varðandi hið veðsetta sem farið gætu í bága við veðsetninguna né upplýsingar um réttindi þriðja aðila

í tengslum við hið veðsetta. [Nafn fjármálafyrirtækis] mun virða að fullu ákvæði tilkynningarinnar og veðsamningsins og læsa þeim bankareikningum sem vísað er til í tilkynningunni nema fyrirmæli berist um annað frá veðgæsluaðila í samræmi við ákvæði veðsamningsins.

[Staður og dagsetning]

f.h. [fjármálafyrirtækis]

---



## VIÐAUKI VI.

### FORM TILKYNNINGAR UM VEÐSETNINGU VS-REIKNINGA

[Reikningsstofnun].

[Heimili]

[Nafn viðtakanda]

[staður og dagsetning]

Eftirtaldir VS-reikningar, sem skráðir eru á [Nafn veðsala, kennitala, heimili] ásamt öllum þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á VS-reikningana á hverjum tíma:

[Tilgreining VS-reikninga]

hafa verið settir að handveði með veðsamningi, dags. [...], til tryggingar skuldum [nafn veðsala] en afrit samningsins er meðfylgjandi bréfi þessu.

Veðsala er óheimilt meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á framangreinda VS-reikninga með hvaða hætti sem er, svo með sölu eða veðsetningu, nema með samþykki veðgæsluaðila.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tilkynningar þessarar og samþykki við framangreindu.

F.h. veðsala

---

F.h. Íslög ehf. sem veðgæsluaðila

---

#### **Staðfesting móttöku og samþykkis tilkynningar**

Með undirritun hér að neðan staðfestir [Nafn reikningsstofnunar, kennitala, heimili] að hafa mótttekið ofangreinda tilkynningu og afrit af veðsamningi, kynnt sér efni framangreindra skjala og samþykkt.

[Nafn reikningsstofnunar] staðfestir að hafa ekki mótttekið tilkynningar varðandi hið veðsetta sem farið gætu í bága við veðsetninguna né upplýsingar um réttindi þriðja aðila í tengslum við hið veðsetta. [Nafn reikningsstofnunar] mun virða að fullu ákvæði tilkynningarinnar og veðsamningsins og læsa þeim bankareikningum sem vísað er til í tilkynningunni nema fyrirmæli berist um annað frá veðgæsluaðila í samræmi við ákvæði veðsamningsins.

MFJ  
14

[Staður og dagsetning]

f.h. [reikningsstofnunar]

---

**VIÐAUKI V.**  
**FORM TILKYNNINGAR TIL FJÁRMÁLAFYRIRTÆKIS**  
**UM AÐ BANKAREIKNINGI SÉ LÆST**

[Fjármálafyrirtæki].  
[Heimili]  
[Nafn viðtakanda]

[staður og dagsetning]

Með vísan til heimildar í grein 5.7 í veðsamningi, dags. [...], sbr. og viðauka II við samninginn, er hér með farið fram á að bankareikningi [Nafn veðsala, kennitala, heimili] nr. [Tilgreining reiknings], sem settur var að handveði samkvæmt veðsamningnum, verði hér með læst. Er [Nafn veðsala] óheimilt að ráðstafa innstæðum af reikningnum án fyrirmæla undirritaðs veðgæsluaðila.

F.h. Íslög ehf. sem veðgæsluaðila

---